

Gledilegt
nýtt ár



FRÉTTABRÉF SSNE

JANÚAR




ÁHUGAVERÐAR TÖLUR ÚR SKÝRSLU BYGGÐASTOFNUNAR

Skömmu fyrir jól birti Byggðastofnun upplýsingar um atvinnutekjur 2012-2021 sem áhugavert er að skoða. Þær má nálgast annars vegar í skýrslu og hins vegar í mælaborði þar sem hægt er að skoða stöðu og þróun heildaratvinnutekna og atvinnutekna íbúa eftir svæðum, kyni og atvinnugreinum. Jafnframt er hægt að skoða stöðuna milli svæða innan landshlutans.

Á Norðurlandi eystra námu heildaratvinnutekjur landshlutans 116,3 milljörðum króna árið 2021 sem er aukning um 3,59% á milli ára. Þegar mælaborðið er skoðað sést að Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta standa undir stærstum hluta atvinnutekna á Norðurlandi eystra.

Þá er nokkuð áhugavert að skoða skiptingu atvinnutekna milli kynja, en ljóst er að enn er nokkuð langt í land í landshlutanum til að jafna launamun kynjanna sem er miður.

Að lokum má má geta þess að þegar tekjur á íbúa eru skoðaðar þá eru þær töluvert lægri á Norðurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum heldur en á Höfuðborgarsvæðinu eins og sjá má á meðfylgjandi töflu sem tekin er af [mælaborði Byggðastofnunar](#).



Landshluti	Tekjur á íbúa
Höfuðborgarsv.	4,102
Suðurnes	3,410
Vesturland	3,827
Vestfirðir	4,197
Norðurland v.	3,508
Norðurland e.	3,798
Austurland	4,450
Suðurland	3,539
Heildin	3,964

FRUMHAGKVÆMNIMAT LÍFORKUVERS KOMIÐ ÚT



Skýrslan var kynnt fyrsta nóvember síðastliðinn og afhent sveitarfélögunum og ráðuneyti 22. desember.

Skýrslan er frummat á forsendum þess að koma á fót líforkuveri á Norðurlandi eystra. Í líforkuveri væru unnin verðmæti úr lífrænum úrgangi og búfjáraburði. Megin afurðir eru metan, lífdísill og molta sem nýtist sem eldsneyti og jarðvegsbætur/áburður.

Verkefnið er í raun nú þegar hafið á svæðinu. Orkey, framleiðir lífdísil úr matarolíu, Molta ehf. framleiðir moltu úr lífrænum úrgangi og Norðurorka hf. framleiðir metangas úr hauggasi úr aflögðum sorphaugum á Glerárdal.

Hugmyndin um líforkuver er útvíkkun á því sem við erum nú þegar að gera vel svo í verkefninu liggur tækifæri til að halda áfram að vera í fararbroddi og til fyrirmyndar í meðhöndlun lífræns úrgangs á landinu.

Fyrir áhugasama má finna einfalda kynningu á [Hvað er líforkuver?](#) á vef Vistorku.

Við hvetjum einnig öll sem hafa áhuga að kynna sér skýrsluna.

Það borgar sig að fylgjast með!

Á heimasíðu SSNE má finna upplýsingar um umsóknarfresti í fjölbreytta sjóði

Atvinnuráðgjafar SSNE veita stuðning og ráðgjöf til frumkvöðla á öllum stigum nýsköpunar. Ráðgjafar SSNE veita upplýsingar um styrki og styrkjamöguleika sem standa einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknaraðilum til boða en við hvetjum einstaklinga og fyrirtæki til að kynna sér málin á heimasíðu SSNE þar sem má finna yfirlit yfir styrki sem veittir eru frá ráðuneytum, Rannís, samfélagssjóðum, Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra ofl. Við vekjum líka athygli á því að mörg fyrirtæki veita samfélagsstyrki og hvetjum við fólk til að kynna sér þá. Hér er stiklað á stóru á þeim sjóðum sem eru opnir nú en fleiri umsóknarfresti má finna á [heimasíðu SSNE](#).

[Bóka viðtal hjá ráðgjafa](#)

Viðburðalisti

Frumkvöðlahádegí

Eimur, SSNE og SSNV standa að vikulegum fræðsluerindum fyrir frumkvöðla á Norðurlandi og öll þau sem eru forvitin um nýsköpunarheiminn.

Fræðslan fer fram á Teams í hádeginu á þriðjudögum klukkan 12:00, frá og með 24. janúar haldið í staður og stund

24. JAN - 7. MAR

Frumkvöðlahádegí

SSNE, SSNV og Eimur standa að vikulegum fræðsluerindum fyrir frumkvöðla og öll þau sem eru...



2. FEB

BYGGINGARSJÓÐUR

Úthlutunarhátíð uppbyggingasjóðs

Þann 2. febrúar fer fram úthlutunarhátíð þar sem veittir verða styrkir úr uppbyggingasjóði...



6. FEB

Umsóknarfrestur: Nýsköpunarsjóður námsmanna

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráð...



28. FEB

Umsóknarfrestur: Matvælasjóður

Matvælasjóður auglýsir eftir umsóknum. Þetta er í fjórða sinn sem sjóðurinn auglýsir úthlutun o...



FRUMKVÖÐLAHÁDEGI

SSNE í samstarfi við SSVN & EIM standa að vikulegum fræðsluerindum öll þriðjudagshádegi fram til 14. mars fyrir frumkvöðla og öll þau sem eru forvitin um nýsköpunarheiminn. Fyrsti fræðslufundur var haldinn 24.janúar og var vel mætt, yfir 50 manns hafa skráð sig til leiks. Kjartan Sigurðsson, lektor í Háskólanum á Akureyri hélt fyrsta erindið og var yfirskriftin á erindinu; Hvað er að vera frumkvöðull?



Næsta erindi er frá Svövu Björk og fjallar um að rata í frumkvöðlaumhverfinu.

Það er enn hægt að skrá sig á fræðslufundina, þátttaka er ókeypis en til að fá fundarboð þarf að skrá sig hér: [SKRÁNING](#)

ERTU FRUMKVÖÐULL SEM VANTAR AÐSTÖÐU?

AkureyrarAkademían auglýsir eftir umsóknum um vinnuaðstöðu til að vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna í samstarfi við Akureyrarbæ.

Vinnuaðstaðan er í húsnæði AkureyrarAkademiunnar, Sunnuhlíð 12, og er án endurgjalds og hugsuð sem styrkur til viðkomandi verkefna. Tímabil sem auglýst er til úthlutunar eru sex mánuðir frá 1. mars til 31. ágúst. Umsóknir um heil tímabil hafa að öðru jöfnu forgang en heimilt er að úthluta vinnuaðstöðu til skemri tíma.

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar nk.
Nánari upplýsingar er að fá hjá
AkureyrarAkademiunni í síma 833-9861 og á
netfanginu akak@akak.is

Akureyrar
Akademían

OPNUN STÉTTARINNAR

Föstudaginn 9. desember opnaði Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson með formlegum hætti nýja aðstöðu þekkingarklasans á Hafnarstétt 1-3 á Húsavík undir heitinu STÉTTIN.

Húsnæðið er í eigu Langaness ehf, sem hefur staðið straum af vönduðum endurbótum og viðbyggingu. Í tilefni þess að húseigendur afhentu síðasta hluta húsnæðisins var blásið til mikillar gleði, með fróðleik og skemmtun í bland.

Til að gefa smá mynd af gróskunni sem finna má í húsinu, nefnum við hér nokkra aðila/fyrirtæki sem eru með starfsstöð eða -aðstöðu á Stéttinni:

Hraðið miðstöð nýsköpunar, AviLabs, Össur, GD lausnir, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík / Húsavík Research Centre, Heilbrigðiseftirlit NA, Náttúrustofa Norðausturlands / North East Iceland Nature Research Centre, Arctic Coast, Háskóli Íslands, Þekkingarnet Þingeyinga, Finance FA/laxar, STEM Húsavík, Five Degrees, Hugsmiðjan, Fab Lab Húsavík, Húsavík Whale Museum, Byggðastofnun.



MEGUM VIÐ KÍKJA Í HEIMSÓKN?

Starfsfólk SSNE vill gjarna kynnast starfandi fyrirtækjum á svæðinu betur og verður sérstök áhersla lögð á að heimsækja sveitarfélög, fólk og fyrirtæki á starfssvæðinu næstu mánuði.

Ef þitt fyrirtæki hefur áhuga á að fá fulltrúa SSNE í heimsókn máttu gjarna hafa samband með því að senda póst á netfangið ssne@ssne.is og við finnum tíma sem hentar.

RUSL Á NÝJU ÁRI

Á nýliðnu ári voru úrgangsmál meira í umræðunni en oft áður. Búið er að breyta löggjöf úrgangsmála og mikið verið að nota ný hugtök eins og borgað þegar hent er (BÞHE) í bland við eldri eins og Mengunarbótareglu, hringrásarhagkerfi og svæðisáætlun og auðvitað stóru dagsetninguna 1. janúar 2023. Það er því ekki að undra að fólk sem ekki er dags daglega að velta þessu fyrir sér verði ringlað og hugsi hvað gerist í raun um áramótin hjá mér? Í flestum tilvikum þá er einfaldasta svarið, ekki mikið.

Í raun er þetta nokkuð einfalt. Allt sem þú sem íbúi þarft að vita er að sveitarfélagið mun breyta gjaldskránni þannig að raunkostnaður við þína þjónustu verður greinilegr og þú munt geta breytt þjónustunni í takt við þarfir þíns heimilis og þannig dregið úr kostnaði. Íbúar munu einnig nú fá fjögur ílát, eða hólf, þar sem flokka skal í minnst fjóra flokka við húsvegg. Grenndarsófnunarkerfi verður í mörgum tilvikum eflt og tekið við minnst sex endurvinnsluflokkum. Þá verða merkingar samræmdar um allt land. Þessar breytingar verða kynntar vel og vandlega þegar þar að kemur í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Á næsta ári mun innleiðing nýs kerfis kalla á miklar breytingar í innra starfi sveitarfélaganna á Norðurlandi eystra. Verið er að leggja lokahönd á drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi fyrir almenna kynningu. Einnig þurfa sveitarfélögin að taka upp samþykktir og gjaldskrár um meðhöndlun úrgangs. Þá eru þjónustusamningar að renna út í mörgum tilvikum, eða í einhverjum tilvikum runnir út, og þarf því að endurskoða verksamninga. Öll sveitarfélögin eru að nýta þetta tækifæri og skoða hvað þau geta gert betur þannig að sem bestur árangur náist með sem minnstum kostnaði.

Sveitarfélögin á Norðurlandi eystra hafa öll sýnt því áhuga að vera samferða í þessari vegferð en mikil vinna er fyrir höndum að ákveða hvernig því samstarfi verður háttað og hversu samræmd þjónustan verður. Það er sameiginlegt markmið sveitarfélaganna að draga úr myndun úrgangs og að sá úrgangur sem myndast verði nýttur sem hráefni til endurnotkunar, endurvinnslu eða endurnýtingar og fari ekki í urðun ef því er við komið.

En við verðum að muna að hvert sveitarfélag er samfélagsverkefni og það er ekkert samfélag án einstaklinga. Það hvílir því sú ábyrgð á okkur öllum að hugsa „hvað ég get gert“ og í mörgum tilvikum er svarið það sem amma þín og afi gerðu. Farðu vel með og ekki nota meira en þú þarft, notum fjölnota vöru í stað einnota og gerum við í stað þess að kaupa nýtt. Það eru líka nýjar kröfur sem gott er að hafa í huga; kaupum ekki vöru í plastumbúðum ef hjá því komist, ef vara er í plastumbúðum göngum úr skugga um að þær séu ekki úr mörgum óaðskiljanlegum gerðum af efnum og síðast en ekki síst flokkum og flokkum rétt. Samfélagið er að vinna í því að gera þetta einfaldara og auðveldara. Það sem við þurfum að gera er að taka þátt.



ÚTHLUTUNARHÁTÍÐ SÓKNARÁÆTLUNAR NORÐURLANDS EYSTRA

Nú hefur úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra fjallað um umsóknir um styrki til stofn- og rekstrar, menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra 2023. Í þessu tilefni er efnt til úthlutunarhátíðar þar sem formlega verða veittir styrkir fyrir 73,3 mkr. Þess má geta að eftir fimm vikna umsóknarfrest bárust 173 umsóknir í Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra, sem er næstum því 10% aukning frá fyrra ári.

Úthlutunarhátíðin fer fram í **Valsárskóla Svalbarðsströnd fimmtudaginn 2. febrúar n.k. kl. 15:00 og er hátíðin opin öllum** en SSNE hvetur kjörna fulltrúa sérstaklega til að mæta og sjá þá miklu grósku sem er að finna á svæðinu, bæði í menningarmálum sem og í atvinnu- og nýsköpunarmálum.



[Bóka viðtal hjá ráðgjafa](#)

AUKIÐ MILLILANDAFLUG MEÐ NICEAIR

Óhætt er að síðastliðið ár hafi verið stórt þegar kemur að millilandaflugi frá Norðurlandi og er greinilegt að mikill vöxtur er í flugi til og frá Akureyrarflugvelli.

Stór ástæða þeirrar aukningar er norðenska flugfélagið Niceair sem fór í sitt jómfrúarflug 2. júní s.l.. Í dag er hægt að fljúga með Niceair beint frá Akureyri á fjóra áfangastaði; Tenerife, Kaupmannahöfn, Düsseldorf og Alicante. Þá er einnig gert ráð fyrir að hefja flug til Bretlands í október á þessu ári. Með beinu flugi hefur opnast gátt frá Akureyri sem nýtist ekki bara íbúum Norðurlands, sem þurfa ekki lengur að sækja allt millilandaflug til Keflavíkur, heldur opnast einnig ný tækifæri í ferðaþjónustu á svæðinu.

Í **Sóknaráætlun Norðurlands eystra** er ein af áherslum í flokki atvinnu- og nýsköpunar að tryggja millilandaflug, og var undirbúningur stofnunar Niceair styrktur úr Sóknaráætlun 2021.



UPPBYGGING HEIMSKAUTSGERÐIS HELDUR ÁFRAM


Heimskautsgerðið á Raufarhöfn hefur verið í byggingarferli um árabíl, auk sýnilegrar vinnu við gerðið sjálf. Hefur verið unnið gríðarmikið með hugmyndafræðina, deiliskipulag og allt umhverfi í kringum Heimskautsgerðið. Stjórn Heimskautsgerðisins á miklar þakkir skilið fyrir sína gríðarlegu vinnu síðastliðin áratug og hefur hún í samstarfi við fleiri séð til þess að Gerðið heldur áfram að byggjast upp sem mikilvægur áfangastaður á svæðinu.

Heimskautsgerðið er einstakt á heimsvísu, stórbrotið nútímavverk sem sprottið er upp úr vangaveltum Erlings Thoroddsen um hvernig hægt er að virkja endalausa víðáttu, þar sem ekkert skyggir á sjóndeildarhringinn, heimskautsbirtuna og miðnætursólina. Inn í þessar vangaveltur kom upp hugmyndin að nota dvergatal Völuspár og Snorra Eddu og dusta rykið af fornum sagnaheimi og færa til nútíðar. Utan um þennan hugarheim rís Heimskautsgerðið á Melrakkaási við Raufarhöfn.

Haukur Halldórsson listamaður kom að málum árið 2000 og saman unnu þeir Erlingur að hugmyndinni þar til hún tók á sig endanlega mynd og var kynnt á Menningardögum á Raufarhöfn árið 2003. Haukur gerði m.a. skissur og líkan sem stuðst er við.

Heimskautsgerðið er byggt þannig að sex metra há hlið vísa til höfuðáttanna og verða fjórir skúlptúrar inni í gerðinu, hver með sínu sniði og að lokum er áhringur dverganna sem er 50 m í þvermál. Jónas Friðrik Guðnason var fengin til að útbúa vísur um dverganna og getur hver og einn fundið sinn dverg út frá vikutali.

Mikið verk er að baki en mikið er ennþá ólokið. Í dag er að störfum starfshópur, en í honum eru Nanna Höskuldsdóttir starfsmaður SSNE, Katrín Sigurjónsdóttir sveitastjóri Norðurþings, Reynir Þorsteinsson íbúi á Raufarhöfn og Gunnar Jóhannsson úr stjórn Heimskautsgerðisins, markmið þessa hóps er að einblína á fjármögnun og allt kapp lagt á að klára verkið á næstu 2-3 árum.



Fullklárað Heimskautsgerði með tilheyrandi umfjöllun og auknum ferðamannastraum inn á svæðið munu hafa gríðarlega jákvæð áhrif fyrir Raufarhöfn og allt Norð-austurland, sér í lagi svæðið frá Kelduhverfi og austur á Vopnafjörð sem munu án efa eflast.

[Áhugavert er að skoða fjölda gesta, nánar um það hér: Heildarfjöldi gesta 2022 21.500](#)

Fjöldi ferðamanna, sem kemur gagnert til að skoða verkið, eykst ár frá ári, þrátt fyrir að verkefnið sé enn óklárað. Í Áfangastaðaáætlun Norðurlands er Heimskautsgerðið á forgangslista, það er því mat tengdra aðila á svæðinu að það eigi að leggja áherslu á að klára uppbyggingu Heimskautsgerðis. Verkefnið hefur fengið styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, frá sveitarfélaginu Norðurþingi, úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands-eystra og fleirum opinberum sjóðum. Nú í lok árs 2022 fékkst framlag á fjárlögum 2023 að upphæð 20.000.000 kr. Beðið er svara úr öðrum sjóðum fyrir úthlutun 2023.

DÍANA JÓHANNSDÓTTIR: Í NÆRMYND

Hvað var það við SSNE sem varð til þess að þú sóttir um starf verkefnastjóra þar?

Ég er fædd og uppalin á Akureyri en flutti burt til að fara í nám, fyrst í Reykjavík en síðan á Englandi, eftir nám kom ég aftur til Íslands og fékk vinnu á Ísafirði. Ég hef starfað á svipuðum vettvangi á Vestfjörðum í töluverðan tíma en þegar ég sá auglýst starf hjá SSNE sá ég tækifæri til að halda áfram að starfa með skemmtileg verkefni en loksins í heimabyggð. Það er sérstaklega spennandi að vinna á svæði sem er í mikilli sókn og nærri stórfjölskyldunni.

Við fjölskyldan hentum því öllu okkar dóti í flutningarbíl og mættum galvösk á nýju ári og hlakkar mjög til að takast á við ný verkefni og tækifæri.

Áttu þér lífsmottó?

Lífsmottóið mitt hefur lengi verið að lífið er of stutt fyrir vont kaffi.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í frítíma þínum?

Í frítímanum finnst mér skemmtilegast að gera eitthvað með fjölskyldunni, helst einhvað tengt útivist. Á veturnar elska ég að fara á skíði en á sumrin og haustin er æðislegt að fara í styttri fjallgöngur og göngutúra. Það er því frábært að vera komin norður í mekka skíðaiðkunnar.

Ertu með einhverja sturlaða staðreynd um þig?

Ég á ekki eitt einasta buff og hef aldrei átt, enda yfirlýstur andstæðingur þeirra. En vegna þessarar áráttu hafa vinir og vandamenn nýtt hvert tækifæri til að reyna að gefa mér buff og þegar það gengur ekki er þeim laumað í vasa eða töskur þegar ég er ekki að horfa til.



12 UMSÓKNIR Í C.1

Tólf umsóknir voru sendar inn í nafni SSNE um framlög til sértækra verkefna sóknaráætlunar. Að auki var SSNE aðili að einni umsókn til viðbótar í samstarfi við Austurbrú og SSNV.


Innviðaráðherra auglýsti í desember eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2022-2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð C.1 Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða. Undanfarið hefur SSNE unnið 12 umsóknir í samstarfi við haghafa af öllu starfssvæði SSNE.

Markmið verkefnanna eru að færa heimaþólki aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna og sóknaráætlanir landshluta verði tengdar við byggðaaætlun. Stjórnvöld áætla að veita um 130 milljónum fyrir árið 2023.

Sérstaklega er horft til verkefna sem talin eru hafa varanleg áhrif, eru atvinnuskapandi og hvetja til nýsköpunar á svæðum sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi.

Frekari upplýsingar um C.1 verkefni má finna á heimasíðu [Byggðastofnunar](#).





Ágrip frá framkvæmdastjóra



Gleðilegt nýtt ár!

Það er eitthvað við áramót sem fær okkur oft til að staldra við og hugsa bæði til fortíðar og framtíðar. Það er öllum hollt að rifja upp góðar og slæmar stundir ársins sem er að líða og draga af þeim lærdóm. Á síðasta ári urðu þónokkrar breytingar hjá SSNE. Nýr framkvæmdastjóri tók við störfum um mitt ár, auk þess sem Rebekka Garðarsdóttir verkefnastjóri lét af störfum í ágúst, en Dána Jóhannsdóttir sem tók við hennar starfi hóf störf nú um miðjan janúar. Þá voru sveitarstjórnarkosningar á síðasta ári og urðu þónokkur umskipti í flestum sveitarstjórnnum innan landshlutans, sem og í stjórn SSNE. Þá lauk Brothættra byggða verkefninu Glæðum Grímsey um áramótin og lét Arna Björg Bjarnadóttir verkefnisstjóri því af störfum um áramótin. Við þökkum henni kærlega fyrir vel unnin störf og óskum henni alls hins besta á nýjum vettvangi.

Þegar lítið er til ársins 2023 er margt spennandi framundan hjá SSNE eins og sjá má meðal annars hér í fréttabréfinu. Efst á baugi þessa dagana er úthlutun Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra sem verður haldin 2. febrúar næstkomandi á Svalbarðseyri. Þá eru fjölmargir styrktarsjóðir með umsóknarfrest nú í upphafi árs. Fjárfestahátíð verður haldin í annað sinn á Siglufirði í mars, en stjórn SSNE hefur einnig ákveðið að halda ársþing SSNE á Siglufirði, 14.-15. apríl næstkomandi.

Með nýju ári bjóðast fjölmörg tækifæri og viljum við hjá SSNE reyna að grípa þau sem flest. Við hvetjum ykkur til að taka þátt í því með okkur og minnum á að hjá SSNE er boðið upp á ráðgjöf í tengslum við atvinnuþróun og nýsköpun, auk þess sem við veitum stuðning við styrkumsóknagerð og margt margt fleira. Nánari upplýsingar má alltaf finna á [heimasíðunni okkar](#) sem við hvetjum ykkur auðvitað til að fylgjast með.

Með kærri kveðju,
Albertína Friðbjörg.